

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 287/1988. **Eignabankinn hf.**

gegn

Guðrúnu K. Ástvaldsdóttur.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. september 1988. Málið var tekið til dóms eftir munnlegan málflutning 15. júní 1989. Krafðist áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða dómi yrði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefndu. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefnda krafðist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var endurupptekið 29. júní. Af hálfu áfrýjanda var þess óskað, að málið yrði fellt niður. Stefnda krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir 180. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Eignabankinn hf., greiði stefndu, Guðrúnu K. Ástvaldsdóttur, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.